

# Nordic Youth Camp 2012 - Viðbótarupplýsingar

## Hnappavellir:

Vinsælasta og stærsta klifursvæði landsins eru Hnappavellir, þar sem Æfingabúðirnar verða haldnar. Landsvæðið er í eigu nokkurra bænda í kring og það er með þeirra leyfi sem klifrarar hafa fengið afnot af svæðinu og getað sett upp klifurleiðir. Þess vegna biðjum við alla um að ganga vel um svæðið og skilja ekki eftir rusl.

Við viljum ítreka það sem kemur fram á vefnum [www.klifurhusid.is/NYC](http://www.klifurhusid.is/NYC), að það eru engar sturtur eða klósett með rennandi vatni á svæðinu (aðeins gamaldags kamar).

Hér er hægt að sjá fleiri upplýsingar:

<http://klifur.is/hnappavellir>

Einnig er hægt að kaupa Hnappavallaleiðavísi, en hann fæst í Klifurhúsinu. Í honum eru myndir af klettunum á Hnappavöllum og lýsingar á leiðunum. Leiðarvísirinn kostar 1.600, kr.

Það eru stundum hross innan girðingar á svæðinu og þá þarf að passa að hliðið á girðingunni sé lokað þegar klifrarar eru að ganga þar í gegn. Einnig eiga rollur það til að líta við ☺



[http://www.vidiani.com/maps/maps\\_of\\_europe/maps\\_of\\_iceland/detailed\\_road\\_map\\_of\\_iceland.jpg](http://www.vidiani.com/maps/maps_of_europe/maps_of_iceland/detailed_road_map_of_iceland.jpg)



### **Klifurbúnaður:**

- Allir þurfa að koma með sinn eigin klifurbúnað. 1 lína + 10 tvistar /2 klifrara
- Allir: hjálm, belti, klifurskó, kalk, "daisy chain" + karabínu, tryggingatól + læsta karabínu.

### **Fatnaður:**


- Hlý föt (ullarbuxur og -bol), úlpu, þykka sokka, húf, vettlinga, regnföt.
- Gönguskó og/eða góða skó, (sandál ef veðrið verður gott ☺)
- Sundföt, handklæði.

Meðalhiti í júlí er ~8 – 14°C og úrkoma frá 50-200 mm (ágætt að vera með góðan svefnpoka)

Hér er linkur á norska veðursíðu, sem sínir spá fyrir Hnappavelli:

<http://beta.yr.no/place/Iceland/Austurland/Knappavellir/>

July main temperature - Fagurhólmsmýri





### **Tjaldbúðir / matur:**

- Svefnpoki, dýna. Skipuleggjendur útvega stór tjöld til að sofa í (7-15 í hverju tjaldi)
- Disk, bolla/glas, hnífapör (kníf, gaffal, skeið), jafnvel viskastykki til að þurrka með.
- Sápa og viðeigandi snyrtidót.
- Þegar hópurinn gistir í Íþróttahúsi Bjarkar í Hafnarfirði, þá munu þau sofa á sínum eigin dýnum inni í íþróttasal.